

FUNDARGERÐ

576. fundur sveitarstjórnar Mýrdalshrepps var haldinn fimmtudaginn 14. júní 2018 kl. 15.00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðal- og varamenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Starfsaldursforseti nýkjörinnar sveitarstjórnar Ingi Már Björnsson setti fundinn og stjórnaði honum þar til búið var að ganga frá oddvitakjöri.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir verkefnum síðustu vikna.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Erindi frá afmælisnefnd fullveldisins

Í erindinu eru sveitarfélög hvött til þátttöku í afmælisárinu. Sérstaklega er hvatt til notkunar á sérstökum fána afmælisársins á viðburðum á vegum sveitarfélaga á árinu. Þá er hvatt til þess að grunn- og leikskólar líti til afmælisársins í sínum störfum og sérstaklega er hvatt til hátíðarhalda 1. desember í ár þar sem áhersla verði lögð á ungt fólk og framtíðina.

Sveitarstjórn samþykkir að leggja þetta erindi afmælisnefndar fullveldisins fyrir fræðslunefnd og menningarmálanefnd og jafnframt vísa þessu til allra skólastjóra í sveitarfélaginu.

2. Sensa býðst til að aðstoða við að nýta ESB styrk til að koma upp opnu þráðlausu neti í sveitarfélaginu.

Lagt fram til kynningar.

3. Bréf frá Vinnueftirlitinu áhættumat á leikskólanum o.fl.

Lagt fram til upplýsinga.

4. Erindi frá Gunnari Þorsteinssyni varðandi leigu á landi

Gunnar Þorsteinsson óskar eftir því að fá á leigu land það sem Sigbór Sigurðsson hefur haft á leigu síðustu ár, en ekki nýtt. Áformar Gunnar að rækta upp á þessu landi 17 ha tún. Landið er nú illa girt svo búfé getur auðveldlega komist þar í gegn inn á landareign Gunnars.

Sveitarstjórn samþykkir að segja upp leigusamningi á þessu landi og leigja Gunnari Þorsteinssyni landið.

5. Tillaga frá Rangárþingi ytra um að HES greiði sjálft skuldbindingar sínar við Brú lífeyrissjóð.

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps tekur undirtillögu Rangárþings ytra og mælist til þess að tillagan verði tekin til umfjöllunar á aðalfundi Heilbrigðiseftirlitsins í haust.

6. Beiðni um frest til að hefja framkvæmdir á lóðinni Hátún 7

Fram var lagt erindi frá Svavari Guðmundssyni um frest til að hefja framkvæmdir á lóðinni Hátúni 7 fram í október 2018.

Sveitarstjórn samþykkir framkomna beiðni.

7. Beiðni um styrk til vegna reiðskóla Sindra

Fram var lagt erindi frá Hestamannafélaginu Sindra þar sem óskað er eftir styrk að upphæð 70 þúsund til styrktar reiðskóla fyrir börn.

Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðna upphæð í styrk til reiðskólans.

8. Umsókn um lóð undir mótorkrossbraut frá Jaðarklúbbnum Víkursport

Fram var lagt erindi frá nýstofnuðu félagi Jaðarsportsklúbbum Víkursporti um lóð undir mótorkrossbraut. Óskað er eftir lóð á svæði sem er norðan gamla þjóðvegarins ofan við svokölluð Delaskörð.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa erindinu til skipulagsnefndar til skoðunar og þá jafnframt til vinnu við væntanlega endurskoðun aðalskipulags Mýrdalshrepps.

III. Málefni til umfjöllunar/ afgreiðslu

1. Skýrsla kjörstjórnar vegna sveitarstjórnarkosninga í Mýrdalshreppi 2018.

Framvar lögð til upplýsinga skýrsla kjörstjórnar Mýrdalshrepps vegna sveitarstjórnarkosninga sem fram fóru 26. maí s.l.

2. Kosning oddvita og varaoddvita sveitarstjórnar Mýrdalshrepps.

Fram var lögð tillaga um að Einar Freyr Elínarson yrði oddvit og að Ingi Már Björnsson yrði varaoddviti til eins árs.

Sveitarstjórn samþykkti tillöguna samhljóða

3. Ákvörðun um fundar tíma og fundardag fyrir sveitarstjórnarfundir í samræmi við 8. gr. samþykktu um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps

Sveitarstjórn samþykkir að fundir sveitarstjórnar á þessu kjörtímabili verði að haldnir á skrifstofu hreppsins þriðja fimmtudag hvers mánaðar kl. 16.00.

4. Kosningar í nefndir ráð og stjórnir.

Fram voru lagðir eftirfarandi listar með nöfnum þeirra sem sitja munu í nefndum og ráðum á vegum Mýrdalshrepps á kjörtímabilinu.

Fræðslunefnd

Þorgerður Hlín Gísladóttir
Ingibjörg Lárusadóttir
Einar Freyr Elínarson
Anna Huld Óskarsadóttir formaður
Pálmi Kristjánsson

Fræðslunefnd varafulltrúar

Anna Björnsdóttir
Ingi Már Björnsson
Beata Rutkowska
Sigrún Jónsdóttir
Ástþór Jón Jónsson

Skipulagsnefnd

Drífa Bjarnadóttir formaður
Jónas Erlendsson
Óðinn Gíslason
Kristján Þórðarson
Guðrún Hildur Kolbeins

Skipulagsnefnd varafulltrúar

Jón Ómar Finnsson
Bryndís F. Harðardóttir
Haukur Pálmason
Páll Tómasson
Þórey R. Úlfarsdóttir

Umhverfis- og atvinnumálanefnd

Æsa Gísladóttir formaður
Bergný Ösp Sigurðardóttir
Magnús Örn Sigurjónsson
Valgerður Erlingsdóttir
Tryggvi Þór Ástþórsson

Umhverfis- og atvinnumálan. varafulltrúar

Þórir Kjartansson
Marek Rutkowski
Anna Jónsdóttir
Petra Kristinsdóttir

Frestað kjöri varamanns af L- lista til næsta fundar

Meningarmálanefnd

Þórdís Ólafsdóttir formaður
Beata Rutkowska
Viðar Jónsson
Brian R. Haroldsson

Meningarmálanefnd varafulltrúar

Richard Henzler
Svanhvít Sveinsdóttir
Einar Freyr Elínarson
Birgir Sigurðsson

Frestað kjöri aðal- og varamanns af L- lista til næsta fundar

Íþróttá- og tómstundanevnd

Sigurður Elías Guðmundsson formaður
 Anna Birna Björnsdóttir
 Guðrún Hvönn Sveinsdóttir
Frestað að taka afstöðu til fjölgunar í nefndinni til næsta fundar

Íþróttá- og tómstundanevnd varafulltrúar

Haukur Pálmason
 Carina Ek
 Ástþór Jón Tryggvason

Fulltrúi á landsþing Sambandsins

Einar Freyr Elínarson

Varafulltrúi á landsþing Sambandsins

Ingi Már Björnsson

Fulltrúar á aðalfund SASS

Einar Freyr Elínarson
 Drífa Bjarnadóttir
 Páll Tómasson

Fulltrúar á landsþing Sambandsins varafulltrúar

Ingi Már Björnsson
 Þorgerður Hlín Gísladóttir
 Ragnheiður Högnadóttir

Fulltrúi í stjórn Kötlu Jarðvangs

Sveitarstjóri

Varafulltrúi í stjórn Kötlu Jarðvangs

Einar Freyr Elínarson

Fulltrúar í stjórn Kötluaseturs

Sveitarstjóri
 Ragnheiður Högnadóttir

Fulltrúar í stjórn Kötluaseturs varafulltrúar

Drífa Bjarnadóttir
 Elísabet Ásta Magnúsdóttir

Héraðsnefnd Vestur- Skaftafellssýslu

Einar Freyr Elínarson
 Drífa Bjarnadóttir
 Páll Tómasson

Héraðsnefnd V- Skaftafellssýslu varafulltrúar

Ingi Már Björnsson
 Þorgerður Hlín Gísladóttir
 Ragnheiður Högnadóttir

Fulltrúi í Stjórn félags og skólalþjónustu Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu

Sveitarstjóri

Varafulltrúi í Stjórn félags og skólalþjónustu Rangárvalla- og V- Skaftafellssýslu

Ingi Már Björnsson

Fulltrúi í félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu

Áslaug Einarsdóttir

Varafulltrúi í félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu

Helga Halldórsdóttir

Fulltrúi í Almannavarnarnefnd Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu

Sveitarstjóri

Varafulltrúi í Almannavarnarnefnd Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu

Oddviti

Kjörstjórn

Ásmundur Sæmundsson
 Andrés Viðarsson
 Kolbrún Matthíasdóttir

Kjörstjórn varafulltrúar

Bergþóra Ástþórsdóttir
 Kristinn Ágústsson
 Margrét Harðardóttir

Öll framangreind nefndarskipan samþykkt samhljóða

Frestað var til næsta fundar að kjósa í eftirtaldar nefndir:

Rekstrarnefnd Hjallatúns**Stjórn Hollvínasjóðs Hjallatúns****Fjallskilanevnd vestari****Fjallskilanevnd eystri****5. Aukaaðalfundur SASS haldinn í Vestmannaeyjum 26. og 27. júní n.k.**

Fram var lögð dagskrá Aukaaðalfundar SASS sem haldinn verður í Vestmannaeyjum 27. júní n.k.

6. Tillaga um útboð á skólaakstri á komandi skólaári.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir því að nú hafi þeir heiðursmenn sem sinnt hafa þessu vandasama starfi óskað eftir að hætta. Þeim eru færðar bestu þakkir fyrir þeirra störf á umliðnum árum. Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra að bjóða skólaaksturinn út til næstu þriggja skólaára með möguleika á því að framlengja samninginn um tvö ár til viðbótar.

7. Ákvörðun um að auglýsa starf sveitarstjóra Mýrdalshrepps laust til umsóknar.

Fram voru lögð drög að auglýsingu á starfi sveitarstjóra Mýrdalshrepp til næstu fjögurra ára. Sveitarstjórn samþykkir að auglýsa starfið og felur sveitarstjóra að ganga frá auglýsingunni í landsmálablöðum og jafnframt að veita upplýsingar um starfið ásamt oddvita.

8. Tímabundin framlenging á ráðningarsamning við Ásgeir Magnússon þar til nýr sveitarstjóri hefur verið ráðinn.

Fram var lagður samningur um tímabundna framlengingu á ráðningarsamningi við Ásgeir Magnússon þar til nýr sveitarstjóri hefur verið ráðinn. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur oddvita og varaoddvita að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins.

9. Fundarboð vegna aukaaðalfundar Bergisans bs. sem verður 18. júní á Selfossi

Fram var lagt fundarboð vegna aukaaðalfundar Bergisans bs. sem haldinn verður 18. júní á Selfossi.

Auk sveitarstjóra mun Ragnheiður Högnadóttir mæta til fundarins.

10. Minnisblað sveitarstjóra um lóðin á Sléttuvegi 1,1a og 3

Fram var lagt minnisblað sveitarstjóra um stöðu mála varðandi lóðirnar að Sléttuvegi 1, 1a og 3. Lóðarhafi hefur hvorki sent inn skriflega staðfestingu frá banka eða lánastofnun um greiðsluhæfi og möguleika á lánaþingreiðslu vegna fyrirhugaðrar byggingar, né gert grein fyrir því hvernig hann hyggst standa að því að koma væntanlegu starfsfólki sínu fyrir hér í Vík og er kominn fram yfir alla þá fresti sem gefnir hafa verið til að hefja framkvæmdir á umræddri lóð.

Sveitarstjórn samþykkir með vísan í 10. gr. Reglna um úthlutun lóða í Mýrdalshreppi að taka lóðina til baka. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn með vísan í 11. gr. samþykktu um gatnagerðargjald í Mýrdalshreppi að endurgreiða lóðarhafa þann hluta gatnagerðargjaldsins sem greiddur hefur verið eða kr. 2.809.224.-

11. Tillaga um stofnun leigufélags eða byggingarfélags.

Fram var lögð tillaga um stofnun nefndar sem hafi það hlutverk að kanna til hlítar möguleika á stofnun byggingarfélags/leigufélags um byggingu hagkvæmra leiguíbúða í Vík.

Sveitarstjórn samþykki að skipa nefnina og að í henni eigi sæti: Sveitarstjóri, Páll Tómasson, Einar Freyr Elínarson og ef um semst fulltrúar fyrirtækja á svæðinu sem áhuga hafa á að taka þátt í því verkefni að koma hér upp minni leiguíbúðum. Sveitarstjóri verði formaður nefndarinnar.

IV. Fundargerðir til kynningar.

1. Fundargerð stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 22. maí 2018

Lagt fram til kynningar

2. Fundargerð aðalfundar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 22. maí 2018

Lagt fram til kynningar

3. Fundargerð 860. fy-undar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 18. maí 2018

Lagt fram til kynningar

4. **Ársreikningur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu fyrir árið 2017**
Lagt fram til kynningar
5. **Fundargerð 56.fundar Félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu frá 29. maí 2018**
Lagt fram til kynningar
6. **Fundargerð 187 fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 31. maí 2018**
Lagt fram til kynningar
7. **Ársskýrsla HES fyrir 2017 til upplýsinga.**
Lagt fram til kynningar
8. **Fundargerð 33. fundar stjórnar Hollvínasjóðs Hjallatúns frá 1. júní 2018.**
Lagt fram til kynningar
9. **Fundargerð 30. fundar stjórnar Bergrisans bs. frá 20. nóvember 2017.**
Lagt fram til kynningar
10. **Fundargerð 31. fundar stjórnar Bergrisans bs. frá 11. desember 2017**
Lagt fram til kynningar
11. **Fundargerð 32. fundar stjórnar Bergrisans bs. frá 14. febrúar 2018**
Lagt fram til kynningar
12. **Fundargerð 32. fundar stjórnar Bergrisans bs. frá 8. maí 2018**
Lagt fram til kynningar

V. Kynningarefni.

1. **Kynning á umfjöllum Verkfræðingafélags Íslands á skipulagsferlum framkvæmda.**
Lagt fram til kynningar

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17.00

Einar Freyr Elínarson oddviti

Ingi Már Björnsson

Drífa Bjarnadóttir

Ragnheiður Högnadóttir

Páll Tómasson